

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun svo og af þeim nýbyggingum sem samþykktar eru fyrir 1. október 1979, skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 19\,080,00 + 20,80 \times V.$$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

- b) Af nýju húsnæði og breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun, sem samþykkt er eftir 1. október 1979, skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 28\,650,00 + 31,10 \times V.$$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 34/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976,
með síðari breytingum.**

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 419,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli kr. 21,00 pr. tonn.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- | | |
|---|------------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " | kr. 76,20 |
| b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" | kr. 153,00 |
| c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri | kr. 305,00 |

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Allt að 400 m³ kr. 24 240,00.
 400— 2 000 m³ kr. 24 240,00 + kr. 19,40 pr. m³ þar yfir.
 2 000— 6 000 m³ kr. 55 280,00 + kr. 16,70 pr. m³ þar yfir.
 6 000—10 000 m³ kr. 122 080,00 + kr. 14,50 pr. m³ þar yfir.
 Meira en 10 000 m³ kr. 180 080,00 + kr. 12,60 pr. m³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 2 920,00 aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

11. gr. gjaldskrárinnar síðasta málsgrein orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 152,00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 34/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mái.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Raforkugjöld.

A. Almennir taxtar.

- A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:
- | | |
|---------------------|--------------|
| Orkugjald | 2,18 kr/kWh |
| Lágmarksgjald | 785,00 kr/ár |
- A.2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:
- | | |
|------------------|----------------|
| Fast gjald | 1 500,00 kr/ár |
| Orkugjald | 3,27 kr/kWh |

B. Afltaxtar.

B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

- | | |
|-----------------|--------------------|
| Aflgjald | 2 610,00 kr/kWh/ár |
| Orkugjald | 0,52 kr/kWh |
- Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafli 30 kW.

Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.

Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki Rafmagnsveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.